

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar

Starfsáætlun 2022-2026

Formaður: Örvar Jóhannsson (B)

Varaformaður: Þorbjörg Sólbjartsdóttir (B)

Aðalmenn: Jón Örn Jónsson (C), Ásgeir Sveinsson (D), Ragnar Bjarni Zoega Hreiðarsson (D)

Áheyrnarfulltrúar: Ómar Ingþórsson (S), Michele Reborra (L)

Umhverfisnefnd starfar skv. samþykkt um stjórn Mosfellsbæjar nr. 238/2014 og samþykkt fyrir Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar og fer með umhverfismál eftir því sem kveðið er á um í lögum.

<https://mos.is/stjornsysla/baejarstjorn-rad-og-nefndir/reglur-og-samthykkir/umhverfisnefnd>

Lýðræðisleg og gagnsæ vinnubrögð verði viðhöfð í starfi nefndarinnar og horft sé til þess að lýðheilsa, nýsköpun og lýðræði í viðum skilningi verði ofið inn í nefndarstarfið.

Úr málefnasamning B, C og S lista:

UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁL

Mosfellsbær er mikil náttúruperla og útivistarbær og eitt fallegasta bæjarstæði á landinu. Hagsmunir bæði bæjarbúa og náttúrunnar eru að umhverfismál séu í forgangi í öllum ákvörðunum sem teknar eru enda snerta þau allar hliðar reksturs sveitarfélaga. Það er markmið okkar að Mosfellsbær verði leiðandi sveitarfélag í umhverfismálum á kjörtímabilinu.

Loftslagsmál eru stærstu úrlausnarefni samtímans og framtíðarinnar. Innleiða þarf metnaðarfulla aðgerðaráætlun á grundvelli loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og umhverfisstefnu Mosfellsbæjar með sérstakri áherslu á lýðheilsu, nýsköpun, umhverfismál og sjálfbærni.

Á kjörtímabilinu verður markvisst unnið að innleiðingu hringrásarhagkerfisins í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og að bærinn nái kolefnishlutleysi og sjálfbærni í rekstri.

Átak verður gert í fræðslu til íbúa til að efla sjálfbærni- og umhverfisvitund. Grenndarstöðvum verður fjölgað og íbúum gert auðveldara að flokka úrgang. Aukin áhersla verður lögð á viðhald og hreinsun á sameiginlegum opnum svæðum, götum og göngustígum.

Við teljum að meta þurfi kosti þess að í sveitarfélaginu verði loftslagsskógur sem gegnir hlutverki í kolefnisbindingu Íslands og getur jafnframt orðið útivistarsvæðum bæjarins til mikils sóma.

Helstu mál sem unnin verða af hálfu nefndarinnar á kjörtímabilinu:

- Endurskoða samþykkt fyrir Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar m.t.t. nýrrar bæjarmálasamþykktar og þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á nefndastarfi.
- Staðsetja málefni nefndarinnar innan stjórnarsýslunnar í Mosfellsbæ
- Vera leiðandi í almennri stefnumótun í umhverfismálum með hliðsjón af því fjölbreytta atvinnu- og mannlífi sem Mosfellsbær býr að.
- Setja upp og innleiða aðgerðaáætlun á grundvelli loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og umhverfisstefnu Mosfellsbæjar með sérstakri áherslu á lýðheilsu, nýsköpun og sjálfbærni.
- Unnið verði markvisst að innleiðingu hringrásarhagkerfisins í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, með það að markmiði að Mosfellsbær nái kolefnishlutleysi og sjálfbærni í rekstri.
- Átak í fræðslu til íbúa til eflingar á sjálfbærni- og umhverfisvitund.
- Endurskoða verklagsreglur um veitingu umhverfisviðurkenninga Mosfellsbæjar

Drög að dagskrá 22/23 - með fyrirvara um breytingar

Sep. '22

- Umhverfisviðurkenningar - Farið yfir framkvæmd á veitingum viðurkenning 2022 og hafin vinnu við endurskoðun verklagsreglna

Okt. '22

- Drög að starfsáætlun '22-'26 lögð fram

Nóv. '22

- Drög að fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2023 lögð fram, fjárhagsrammi um umhverfismál til umræðu.
- Drög að endurskoðaðri samþykkt fyrir Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar lögð fram
- **UMHVERFISSTEFNA**
- 10. nóv. Ársfundur náttúruverndarnefnda, haldinn í Grindavík

Des. '22

- Umhverfisviðurkenningar – endurskoðun verklagsreglna – umræður
- Aðgerðaáætlanir – varðandi umhverfis- og loftslagsstefnur

Jan. '23

- Opinn fundur umhverfisnefndar með íbúum Mosfellsbæjar

Feb. '23

- Niðurstöður opins fundar - Umræða
- Umhverfisviðurkenningar – endurskoðun verklagsreglna – drög lögð fram

Mar. '23

- Umhverfisviðurkenningar – endurskoðun verklagsreglna – **NIÐURSTAÐA**

Apr. '23

- Aðgerðaráætlanir í umhverfis- og loftslagsmálum

Mái '23

Jún. '23

- Umhverfisviðurkenningar 2023 – Auglýst eftir tilnefningum

Vinnuskjal